

**51. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,  
Stillholti 16-18,  
20. febrúar 2018 og hófst hann kl. 18:15**

**Fundinn sátu:**

Ingþór B. Þórhallsson formaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Þórunn María Örnólfssdóttir aðalmaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfssdóttir aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

**Fundargerð ritaði:** Ella María Gunnarsdóttir, forst.m. menningar- og safnam..

**Fyrir tekið:**

**1. 1802086 - Rekstur dansskóla**

Forstöðumaður kynnir mótttekið erindi.

*Nefndin leggur til við bæjarráð að gerður verði rekstrarsamningur við viðkomandi enda endurspegli beiðnin vel áherslur í þeirri stefnumótun sem unnið er að í menningarmálum kaupstaðarins. Forstöðumanni er falið að koma erindi þess efnis á framfæri við bæjarráð.*

**2. 1709091 - Staða verkefna í byggðasafni, bókasafni og héraðsskjalasafni - 2017**

Forstöðumaður fer yfir stöðu verkefna á söfnunum.

*Forstöðumaður kynnti stöðu verkefna.*

**3. 1802159 - Fyrirkomulag varðandi veitingar 2018**

Forstöðumaður kynnir tillögur að fyrirkomulagi.

*Nefndin samþykkir tillögu forstöðumanns um að ekki verði framhald á veitingarekstri í Safnaskála að svo búnu. Þess í stað verður útbúin aðstaða í safnhúsi þar sem safngestum er boðið uppá molakaffi. Forstöðumanni er falið að móta tillögu að framtíð Safnaskála með hagsmuni Byggðasafnsins að leiðarljósi í samræmi við umræður á fundinum.*

**4. 1511348 - Útilistaverk við strönd (Heimamenn 339)**

Forstöðumaður kynnir stöðu verkefnis.

*Nefndin tók ákvörðun um að draga Akranes út úr þáttöku í verkefninu. Umfang og markmið verkefnisins eru óljós og hafa ítrekað tekið breytingum frá árinu 2015 þegar viðræður um samvinnu hófust. Nefndin þakkar listakonunum sýndan áhuga og óskar þeim velfarnaðar með framhaldið.*

**5. 1703123 - Stefnumótun í menningar- og safnamálum 2017**

Forstöðumaður kynnir stöðu verkefnis og næstu skref.



Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00.

Jóhann B. Þórðarson  
Guðrún Ólafsdóttir  
Jónella Sigurjónsdóttir  
Guðmundur Ólafsson  
Þórunn María Ólafsdóttir  
Hulga Kristín Björnólfsson  
Elin María Gunnarsdóttir